

Nd.

497. Þingsályktun

[161. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á okri.

(Afgreidd frá Nd. 22. marz.)

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa fimm manna nefnd innandeildarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka, að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgengst nú, fyrst og fremst í Reykjavík. Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.